



## Fundargerð

1273. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12  
11. júní 2020, kl. 08:00

### Viðstaddir:

**Friðjón Einarsson, Guðbrandur Einarsson, Gunnar Þórarinsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Margrét A. Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.**

\* \* \*

### **1. Nýtt hjúkrunarheimili (2019050812)**

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs mætti á fundinn og kynnti samningsdrög um verkefnisstjórn og umsjón vegna framkvæmda við hjúkrunarheimili á lóð við Njarðarvelli ásamt tilheyrandi minnisblöðum.

Sviðstjóra umhverfissviðs og bæjarstjóra falið að vinna áfram í málinu.

### **2. Ný fráveituhreinsistöð (2020021108)**

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs mætti á fundinn og kynnti marksamning varðandi hreinsistöð.

Bæjarráð samþykkir að ganga til samninga og felur sviðsstjóra umhverfissviðs og bæjarstjóra að undirrita samningana.

### **3. Sundmiðstöð – Útisvæði (2020030072)**

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs mætti á fundinn og fór yfir endurskoðað tilboð sem barst í framkvæmdir við útisvæði sundmiðstöðvar eftir viðræður við tilboðsgjafa.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði Arnarhvols að upphæð kr. 99.967.665. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 98.122.268.

### **4. Viðauki II við fjárhagsáætlun (2019070112)**

Regína F. Guðmundsdóttir fjármálastjóri mætti á fundinn og kynnti viðauka við fjárhagsáætlun 2020.

Bæjarráð samþykkir viðauka II við fjárhagsáætlun og breytingar á fjárheimildum á grundvelli hennar að viðbættum 5 milljónum til fimleikadeilda Keflavíkur sem tekið er af eigin fé Reykjanesbæjar.

JF SPHEW



## 5. Öryggisgæsla og öryggisvistun (2020060028)

Hera Ó.Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Guðlaugur H. Sigurjónsson mættu á fundinn og kynntu málið.

Félagsmálaráðuneytið hefur leitað til Reykjaneshæjar eftir samstarfi um byggingu og rekstur öryggisgæslu og öryggisvistunar í Reykjaneshæ um lið í að vinna að framtíðarlausn fyrir einstaklinga sem þurfa nauðsynlega á öryggisgæslu og öryggisvistun að halda.

Annars vegar er um að ræða að finna hentugt húsnæði undir rekstur öryggisgæslu og öryggisvistunar til 24 mánaða fyrir 2-3 einstaklinga sem þurfa á öryggisgæslu að halda og hins vegar útvegun lóðar fyrir byggingu húsnæðis fyrir 6 – 7 einstaklinga sem þurfa á öryggisgæslu og öryggisvistun að halda. Fyrir utan störf sem skapast á byggingatíma húsnæðis þá er reiknað með að a.m.k. 30 starfsmenn muni starfa við öryggisgæslu og vistun þegar starfsemin er komin í fullan gang, en í skammtímaúrræðinu er gert ráð fyrir störfum fyrir a.m.k. 15 – 20 starfsmenn.

Með þessu verkefni leggur félagsmálaráðuneytið áherslu á að styðja við atvinnuuppbryggingu á Suðurnesjum, auka breidd í atvinnulífinu, skapa tækifæri til þróunar námstilboða í samstarfi við menntastofnanir á svæðinu og almenna styrkingu þekkingar og færni í velferðarþjónustu á Suðurnesjum.

Félagsmálaráðuneytið óskar eftir milligöngu Reykjaneshæjar um útvegun húsnæði til reksturs öryggisgæslu og öryggisvistunar til skemmri tíma annars vegar, sem farið getur af stað í haust, og hins vegar útvegun lóðar 1500 – 2000 m<sup>2</sup> til byggingar húsnæðis sem lokið yrði árið 2023. Rekstur stofnunarinnar yrði á vegum ríkisins.

Bæjarráð samþykkir að taka þátt i verkefninu og felur bæjarstjóra að vinna áfram í málinu.

## 6. Viðbrögð við efnahagslegum áhrifum/auknu atvinnuleysi vegna Covid 19 (2020040083)

Lagt fram.

## 7. Aðalfundur Láanasjóðs sveitarfélaga ohf. 12. júní 2020 (2020021307)

Aðalfundarboð lagt fram. Bæjarráð felur bæjarstjóra Kjartani Má Kjartanssyni að fara með atkvæði Reykjaneshæjar á fundinum.

## 8. Erindi frá fimleikadeild Keflavíkur (2020050399)

Lögð eru fram gögn er varða kaup á búnaði fyrir fimleikadeild Keflavíkur. Bæjarráð samþykkir erindið alls kr. 5.000.000 til endurnýjunar búnaðar.

## 9. Fundargerð stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja 28. maí 2020 (2020060073)

Fundargerðin lögð fram.

## 10. Fundargerð ársfundar Þekkingarseturs Suðurnesja 28. maí 2020 (2020050357)

Fundargerðin lögð fram.



**11. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja 4. júní 2020 (2020010516)**

Fundargerðin lögð fram.

**12. Fundargerðir neyðarstjórnar (2020030192)**

<https://www.reykjanесbaer.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/neydarstjorn>

**13. Erindi Sýlumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar Fagrablaks frá Keflavík ehf. um tækifærисleyfi (2020050527)**

Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjanесbæjar. Bæjarráð samþykkir erindið.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:10

Guthor Guðrøðsson  
Gunnar Þórðursson  
M. Sandell  
  
F. R.  
Haukur